

## Leiðbeiningar með fræðslu um launaseðilinn

### 1. Spjall, 10 mínútur

Leiðbeinandi segir í stuttu máli frá því sem framundan er í kennslunni og varpar fram spurningum til að fá nemendur til að hugsa um viðfangsefnið. Hér er um að gera fyrir leiðbeinandann að nota eigið hugarflug.

Dæmi um spurningar:


- „Hafið þig fengið launaseðil?“
- „Skoðið þið hann?“
- „Skiljið þið allt sem stendur á launaseðlinum?“
- „Eruð þið að vinna með skóla?“
- „Hvað gerið þið við launin ykkar?“

Leiðbeinandi skrifar hugtakið „Launaseðill“ á stórt blað og setur á vegg í skólastofunni, það má einnig nota töfluna eða veggspjald. Geyma þarf hugarkortið til að skoða síðar í kennslunni. Ef taflan er notuð er hægt að taka mynd.

„Hvað dettur ykkur í hug þegar þið hugsið um launaseðil?“

Nemendur skrifa á litla miða (t.d. post-it miða) það sem þeim dettur í hug um hugtakið. Nemendur setja svo miðana sína við hugtakið á vegginn/veggspjald. Ef taflan er notuð er hægt að sleppa miðum og spyrja yfir hópinn og skrifa það jafnóðum á töfluna.

Hér á eftir má sjá dæmi um hugarkort. Sníðugt er að nota tvo liti af miðum/tússpennum fyrir fyrra og seinna skiptið, svo nemendur sjái hvað þeir hafa lært af þessu verkefni.



## 2. Myndband og fræðsla um launaseðilinn, 20 mínútur

Nú dreifir leiðbeinandi prentuðum eintökum af launaseðli til hvers nemanda og spilar ákveðið myndand af vefsíðu Fjármálavits sem útskýrir það sem stendur á launaseðlinum.

Eftir myndbandið er gott að staldra við og spyrja nemendur út í myndbandið og fara með þeim yfir launaseðilinn sem er sá sami og fjallað var um í fræðslumyndbandinu.

*„Hvað kom fram í þessu myndbandi, nefnið dæmi?“*

*„Hver er t.d. munurinn á dagvinnu og eftirvinnu?“*

*„Hvað er orlof, lífeyrissparnaður, stéttarfélag og skattar?“*

Leiðbeinandi hefur nánari útskýringar á launaliðum og frádráttarliðum í handriti á vefsíðu Fjármálavits.

## 3. Síðara hugarkort

Nú biður leiðbeinandinn nemendur um að horfa ekki á launaseðilinn og bæta við hugakortið út frá því sem þeir voru að læra. Gott er að nota annan lit af tússpenna/miðum svo nemendur sjái allt það sem þeir hafa lært (sjá myndinda að ofan).

*„Er eitthvað af hugtökunum á kortinu sem þið mynduð vilja losna við af launaseðlinum?“*

*„Af hverju?“*

## 4. Kahoot – leikur

Endum á [kahoot – leik](#) um launaseðilinn sem þau eru búin að vera að fjalla um. Þau geta unnið einn og einn eða tvö til þrjú saman. Nánari upplýsingar um leikinn eru í handritinu á vefsíðunni.

**Notendanafn: Fjarmalavit**

**Lykilorð: Launaseðil**